

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.6.2023  
Tilvísun: 20230600306

Kt. 420169- 3889

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna – þskj. 1522 – 974. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 1. júní sl. móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga þar sem á einum stað er fjallað um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, þ.m.t. frystingu fjármuna vegna slíkra aðgerða og um skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Ríkisskattstjóri telur tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

### I.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um ráðstafanir vegna eftirlits með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir. Í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er vísað með eftirfarandi hætti til tilkynningarskyldra aðila skv. peningaþvættislögum (pþl.):

*„Tilkynningarskyldir aðilar skv. **i-s-lið** 1. mgr. 2. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, skulu innleiða ferla og aðferðir til að meta hvort viðskiptamenn þeirra og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.“ (feitletrað hér)*

Ríkisskattstjóri vekur athygli á því að þarna virðist um misritun að ræða, og telur að ákvæðum þessum hljóti einnig að vera ætlað að taka til aðila sem tilkynningarskyldir eru samkvæmt **t- og u-lið** 1. mgr. 2. gr. pþl., en þar er um að ræða slíka aðila sem hér segir:

*„t. Einstaklingar eða lögaðilar sem hafa hlotið starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga.*

*u. Aðilar sem geyma eða eiga viðskipti með listmuni, sem eru geymdir á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 69. gr. tollalaga, nr. 88/2005, þegar um er að ræða viðskipti í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.“*

Að mati ríkisskattstjóri hefði það kallað á ákveðinn rökstuðning að undanskilja þessa aðila sem að framan segir. Í þessu samhengi bendir ríkisskattstjóri jafnframt á að í 2. másl. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins er einnig að finna vísun til **i-s liða** 1. mgr. 2. gr. pþl. og að líklega sé þar um hina sömu misritun að ræða.

Í 4. mgr. 30. gr. frumvarpsins taka sektarheimildir eftirlitsaðila hins vegar til aðila sem tilkynningarskyldir eru skv. **i-u liðum** 1. mgr. 2. gr. pþl. Bendir það sömuleiðis til að um misritun sé að ræða í fyrrgreindum ákvæðum 13. og 25. gr. frumvarpsins.

## II.

Ríkisskattstjóri telur vert að draga fram að í 30. gr. frumvarpsins (og sömuleiðis í nágildandi frystingarlögum) er ekki að finna sektarheimild sem tekur til brota gegn 4. mgr. 26. gr. frumvarpsins ef eftirlitsaðila eru veittar rangar eða villandi upplýsingar. Að sama skapi er ekki fyrir að fara heimild til að sekta fyrir brot gegn 5. mgr. 26. gr. frumvarpsins, í tilvikum þar sem þriðja aðila yrðu veittar upplýsingar um beiðni eftirlitsaðila samkvæmt 4. mgr. 26. gr. Ríkisskattstjóri vekur athygli á því að í pþl. er að finna sektarheimildir í sambærilegum tilvikum, sbr. 23. og 24. tölul. 1. mgr. 46. gr. pþl., og telur ekki efni standa til annars en að sömu úrræðum sé unnt að beita við framkvæmd hinnar nýju löggjafar um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna. Ekki séu þar síðri hagsmunir undir og mikilvægt að eftirlitsaðilar hafi fullnægjandi verkfæri til þess að gæta þeirra.

## III.

Í 3. mgr. 36. gr. frumvarpsins (orðrétt úr nágildandi 3. mgr. 25. gr. frystingarlaga), er varðar opinbera birtingu viðurlaga, segir:

*„Eftirlitsaðilar skulu birta niðurstöður með sama hætti og greinir í 1. mgr. ef mál hefur verið höfðað til ógildingar á ákvörðun um beitingu stjórnarsýsluviðurlaga.“*

Ríkisskattstjóri bendir á að ofangreint orðalag er ekki samhljóða ákvæðum 3. mgr. 53. gr. pþl., er fjallar um samkynja ráðstafanir, og þar sem segir:

*„Eftirlitsaðilar skulu birta með sama hætti og greinir í 1. mgr. ef mál hefur verið höfðað til ógildingar á ákvörðun um beitingu stjórnarsýsluviðurlaga og niðurstöður málsins.“*

Ríkisskattstjóri telur að betur færi á því að orðalag þessara ákvæða 3. mgr. 36. gr. frumvarpsins og 3. mgr. 53. gr. pþl. væri í fullu samræmi. Embættið hefur túlkað 3. mgr. 53. pþl. á þann veg að skylt sé að birta upplýsingar um að mál hafi verið höfðað til ógildingar ákvörðunar um beitingu stjórnarsýsluviðurlaga eins fljótt og unnt er, og að uppfæra skuli þær upplýsingar með niðurstöðum dómsmálsins þegar dómur er fallinn. Að mati ríkisskattstjóra er ekki ljóst hví gera skyldi ólíkar kröfur um birtingu viðurlaga eftir því hvort að þau séu ákveðin á grundvelli pþl. eða hinna nýju laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Ennfremur liggur fyrir að ákvarðanir um beitingu viðurlaga varða iðulega brot gegn hvort tveggja pþl. og nágildandi frystingarlögum, og því mætti telja eðlilegt að sömu kröfur séu gerðar til opinberrar birtingar slíkra viðurlaga þegar til þeirra kemur.

Virðingarfyllst,  
f. h. ríkisskattstjóra

*Helga Valborg Steinarsdóttir*

Helga Valborg Steinarsdóttir

*Birkir Guðlaugsson*

Birkir Guðlaugsson